



IÐJUPJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS

The Icelandic Occupational Therapy Association, P.O. Box 8845, 128 Reykjavík, Iceland

Alþingi

Erindi nr. Þ 1201/601
komudagur 19.4.1996

Nefndadeild Alþingis

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Guðjón Rúnarsson

Þórshamri

Alþingi

150 Reykjavík

Iðjupjálfafélag Íslands vill vekja athygli efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis á eftirfarandi meginatriðum varðandi fyrirbyggjandi frumvarp um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins:

1. Fjármálaráðherra hefur ekki haft neitt samráð við heildarsamtök opinberra starfsmanna um endurskoðun laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eins og ber skv. 36. gr. laganna.
2. Frumvarpið miðar einhliða að því að skerða ráðningarréttindi starfsmanna ríkisins og samningsrétt stéttarféлага þeirra án þess að bæta þá skerðingu með nokkrum hætti. Þvert á móti eru boðuð áform um enn meiri skerðingu á réttindum ríkisstarfsmanna með drögum að frumvarpi um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og frumvarpi um stéttarfélag og vinnudeilur (sjá umsögn bandalagsins um það mál).
3. Frumvarpið miðar að því að afnema ráðningarfestu og biðlaun ríkisstarfsmanna, þrátt fyrir að laun þeirra hafi um áratuga skeið verið þeim mun lakari til að greiða fyrir þessi og önnur réttindi starfsmanna.
4. Með frumvarpinu er gengið á mikilvæg grundvallarmannréttindi starfsmanna ríkisins sem bæði eru varin af stjórnarskrá og alþjóðlegum samþykktum sem Ísland á aðild að.
5. Frumvarpið viðheldur flestum skyldum starfsmanna ríkisins umfram aðra launamenn og eykur þær í sumum tilvikum.
6. Með frumvarpinu er ýmist beint eða óbeint ýtt til hliðar ákvæðum stjórnsýsluréttar þegar ákvarðanir eru teknar um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og ríkisstarfsmönnum ekki tryggð sama vernd gegn misbeitingu valds og öðrum landsmönnum.

Iðjupjálfafélag Íslands leggur til að frumvarp þetta verði dregið til baka. Um frekari rökstuðning vísast til umsagnar Bandalags háskólamanna til hæstvirtrar þingnefndar, dags. 17. apríl sl.

Reykjavík, 18. apríl 1996

F.h. Iðjupjálfafélags Íslands

Rósa Hauksdóttir